

Aðskulýðsstarf Geysis 2018 – 2019



Eftir virkilega gott ár 2018 í æskulýðsstarfinu hjá Geysi þá hlakkaði okkur til að halda ótrauð áfram og efla og styrkja starfið enn meira 2019. Mikil þátttaka hefur verið á flest alla viðburði sem nefndin hefur staðið fyrir þrátt fyrir að svæðið okkar sé mjög stórt eða frá Þjórsá að Markafljóti. Gaman hefur verið að fylgjast með þessum flottu ungu knöpum sem að eru í Geysi og sjá hvað hópurinn hefur stækkað mikið.

Hér fyrir neðan verður farið yfir dagskránnar og viðburðina sem að nefndin vann að í vetur, vor og sumar.

Bingó

Við byrjuðum starfið í vetur á okkar árlega bingói sem er alltaf vinsælt og mæting svipuð og í fyrra eða um 80 – 90 manns. Fyriræki og hrossræktarbú á svæðinu styrktu okkur um vinninga eins og í fyrra og voru þeir flestir hestatengdir. Það er gott að eiga svona marga að sem vilja taka þátt í starfinu með okkur.



Flottir vinningar á bingókvöldi

Uppskeruhátíð

Við höldum uppskeruhátíðina okkar þann 20 janúar. Í þetta skipti var hún haldin á Hvolnum á Hvolsvelli og var mæting góð eða um 65 – 70 manns. Við fengum til okkar góða gesti sem voru að þessu sinni Elvar Þormarsson, knapi Geysis 2018 og Annika Rut Arnarsdóttir en hún var ungmennti Geysis 2018. Þau sögðu okkur skemmtilegar sögur frá sínum bakgrunni í hestamennsku og hvað þeim finnst mikilvægast að huga að til að stunda og ná árangri í hestamennsku. Farið var vel yfir dagskrá vetrarins og komu reiðkennararnir sem voru hjá okkur þennan vetur til okkar og kynntu sín námskeið sem við vorum búin að auglýsa. Við veittum viðurkenningar fyrir þátttöku á námskeiðum og á hestamótum síðasta árs og að lokum borðuðum við svo saman ís og pizzu.



Frá uppskeruhátíðinni – Viðurkenningar – Pizzuveisla – Annika Rut

Almenn reiðnámskeið

Það varð algjör sprenging í skráningu á námskeiðin hjá Geysi sem að var boðið uppá í vetur en hægt var að skrá sig í 6 eða 12 vikna almennt reiðnámskeið. Þáttakendur í ár voru helmingi fleiri en í fyrra og þurftum við að bæta við annsi mörgum hópum. Mikill áhugi var líka hjá yngstu knöpunum okkar og var ákveðið að vera með sérstaka polla hópa þar sem yngstu knaparnir voru einungis 4 ára. Öll námskeiðin hófust svo í janúar en boðið var uppá námskeið á þremur stöðum í þetta skiptið. Námskeiðin fóru fram á Skeiðvangi / Hvolsvelli, á Skeiðvöllum / Rangárþingi Ytra og á Efri – Rauðlæk/ Rangárþingi Ytra. Kennt var í nokkrum hópum þar sem var skipt eftir aldri og getu. Reiðkennari á þessum námskeiðum var Alma Gulla Matthíasdóttir. Theresa á Hellu var áfram í samstarfi við okkur og eru hennar námskeið mjög mikilvæg því hún býður uppá hesta líka því það eru jú ekki allir með hesta eða hafa aðgang að hestum. Fjöldinn á námskeiðunum í ár var hátt í 70 börn.

Keppnisnámskeið


Við fengum til liðs með okkur eins og í fyrra Hjörvar og Hönnu Rún sem héldu utan um þau börn, unglinga og ungmenni sem hafa áhuga á keppni. Áherslan var á styrkingu, lipurð og léttleikar á sínum reiðhesti og undirbúningur fyrir keppni. Farið var í hvernig er hægt að gera góðan reiðhest enn betri og hittust þau í kennslu, 2 og 2 saman alltaf í hóp í 6 skipti. 14 knapar voru skráðir á þetta námskeið.

Hestahópur

Við auglýstum eins og í fyrra að þeir sem hafa ekki áhuga á keppni en vildu hittast ca 3 sinnum yfir veturinn og fá fræðslu um hestinn, fara í þrautir og útreiðatúra. Ekki náðist næg skráning í þennan hóp í ár en við höldum að það sé í raun vegna þessa að allir þessir krakkar voru kominn á einhver önnur reiðnámskeið hjá okkur og hittust því mjög reglulega.

Hestatengt föndurkvöld

Í febrúar héldum við föndurkvöld og það sem varð fyrir valinu núna var að búa til draumafangara úr skeifum og skreyta með fjöðrum og perlum. Þetta tókst frábærlega og voru mörg listaverk sem litu dagsins ljós þetta kvöld. Skemmtilegt hvað komu mismumandi útgáfur af draumaföngurum og það vantaði sko greinilega ekki hugmyndaflug hjá krökkunum. Mætingin var mjög góð eða um 60 manns og eftir föndrið var boðið uppá léttu hressingu.



Myndir frá föndurkvöldinu

Krakka og pollastund

Æskulýðsnefndin hefur tekið að sér að sjá um krakka og pollastund á öllum vetrarleikum vetrarins (í febrúar – mars – apríl) Þá eru settar upp þrautabrautir fyrir polla og krakka sem vildu kannski ekki endilega keppa í tölti eða kannski bara líka taka þátt í þessum þrautabrautum. Þetta tókst mjög vel í ár eins og í fyrra og er þetta orðin mjög fjölmennur hópur eða allt að 20 börn í hvert skipti. Þau fengu síðan öll verðlaun fyrir flotta frammistöðu.



Óvissuferð

Óvissuferð hjá æskulýðsnefnd Geysis var farin í lok mars og fór full rúta sem leið lá á byggðasafnið á Skógum þar sem gamlir munir voru skoðaðir. Allir höfðu mjög gaman af því og var margt sem vakti áhuga hjá ungu kynslóðinni jafnt og þeim eldri. Á leiðinni tilbaka var stoppað í Skálakoti og aðstaðan skoðuð og farið í leiki. Svo var borðuð pizza í Björkinni Hvolsvelli og eftir það var farið á Lava center og skoðað, snert og prófað hvað jörðin og nátturuöflin á Íslandi geta verið kröftug. Mjög skemmtilegur dagur í góðra vina hópi.



Lava center – Leikir í Skálakoti

Æskulýðssýning Geysis

Sýningin í fyrra þann 1 maí á degi íslenska hestsins tókst frábærlega og var hún endurtekin í ár, enn flottari og stærri. Sýning fór fram í reiðhöllinni á Hellu og allir máttu taka þátt sem höfðu tekið þátt á námskeiðum eða tekið þátt í viðburðum á vegum Geysis. Reiðkennarararnir höfðu æft með sínum hópum metnaðarfull atriði þar sem flottir knapar og hestar fengu að njóta sín og margir í skrautlegum búningum, sérstaklega í pollasýningunni. Það mátti sjá vel æfða munsturreið, skreytta polla, kúreka og indjána og hindrunarstökkssýningar á heimsmælikvarða (að okkar mati). Sýningin var

vel sótt og voru sýnd 19 atriði og áhorfendur um 350. Allir þátttakendur voru frá 4 ára til 18 ára. Þetta er klárlega ein skemmtilegasta sýningin sem er haldin í rangárhöllinni þar sem mikil gleði og tilhlökkum fylgir henni hjá bæði krökkunum sem eru að sýna og fjölskyldum og vinum sem koma að horfa á.



Sveitastjóri Rangárbings ytra og hluti af sýnendum – Ungir Geysisknappar í hindrunarstökki



Pollar sýndu þrautabrautina – Efnilegir unglingar og ungmenni hjá Geysi

Fjölskyldureiðtúr

Við fórum í maí í fjölskyldureiðtúr frá Miðkoti niður í fjöru og var ágætlega mætt í hana eða um 25 manns. Veðurguðirnir voru með okkur eins og í fyrra og er einstaklega gaman að fara ríðandi þessar reiðgötur niður að sjó. Eftir hestaferðina þá var hlaðborð af kræsingum sem að allir sem tóku þátt í ferðinni komu með. Frábær dagur með skemmtilegum hóp.



Myndir úr fjöruferðinni

Páskahopp mót

Um páskana héldum við aðeins óhefðbundið mót en eingöngu var keppt í hindrunarstökki á þessu mót. Brautin var sett upp kvöldið áður þannig að allir höfðu tækifæri á að æfa sig en einnig höfðu allir hóparnir á reiðnámskeiðunum farið oftast en einu sinni í hindrunarstökk og var alltaf mjög vinsælt. Keppendur voru flestir í búningum og heppnaðist mótið vel og allir skemmtu sér vel, mjög áhorfendavænt og auðvelt að skilja útá hvað keppnin gengur. Knaparnir voru alveg frá 5 ára uppi 40 ára og verðlauning voru páskaegg fyrir efstu sætin.



Flottir knapar á páskahoppmótinu

Æska Suðurlands

Þetta mót er samvinnuverkefni hestamannafélga á suðurlandi og voru æskulýðsnefndir félaganna með umsjón og framkvæmd á þessari mótaröð. Mótin þrjú fóru fram í reiðhöllunum hjá Geysi, Flúðum og á Selfossi. Þetta mót var ekki alveg hefðbundið því ásamt því að vera með þessar venjulegu greinar þá var keppt í þrígangi, smala og hindrunarstökki. Mikil þátttaka var í öllum greinum og stefnt er að þetta verði árlegur viðburður hjá þessum hestamannfélögum á suðurlandi.

Önnur mót

Það var ánægjulegt að sjá að Geysiskrakkarnir voru áberandi á flestum mótum á árinu og greinilega mikil aukning frá okkar félagi, þá sérstaklega í barnaflokki. Ekki ætlum við að telja þó upp einstaka árangur en gaman var að sjá að krakkarnir okkar voru að standa sig ótrúlega vel og eru orðin samheldin sem hópur þegar þau eru að keppa og dugleg að hvetja hvort annað áfram.

Miða við þátttöku og áhuga hjá unga fólkinu okkar hjá Geysi þá þurfum við ekki að kvíða framtíðinni.

Takk fyrir okkur - Æskulýðsnefnd Geysis 2018 - 2019

Ása Ljungberg – Bianca Treffer - Eydis Hrönn Tómasdóttir - Katrín Sigurðardóttir- Kristín Svandís Jónsdóttir – Sarah M.Nielsen – Anna B. Indriðadóttir – Ragnheiður Kristjánsdóttir

